



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Númer: 5/2018

Dreifibréf til váttryggingafélaga og Samtaka fjármálafyrirtækja

24. janúar 2018

Tilvísun: 2017020061

Efni: Drög að reglum um framkvæmd hæfismats forstjóra, stjórnarmanna og starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum váttryggingafélaga

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 1/2018. Umræðuskjölín innihalda drög að reglum um framkvæmd hæfismats forstjóra, stjórnarmanna og starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum váttryggingafélaga. Við gildistöku reglnanna munu reglur nr. 886/2012 um framkvæmd hæfismats forstjóra og stjórnarmanna váttryggingafélaga, falla úr gildi. Reglurnar verða settar með stoð í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins <http://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eftirlitinu eigi síðar en 14. febrúar 2018. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsiðum meðfylgjandi umræðuskjala. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Anna Mjöll Karlsdóttir

Ásdís Nordal Snævarr